# Íþrótta- og Æskulýðsnefnd

*106. fundur – 09.04.2026 kl.18:50 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar*

Fundarmenn: Aron Baldursson
Margrét Vilhjálmsdóttir
Margrét Eva Einarsdóttir
Jóhanna Jóhannesdóttir
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi)
Formaður setti fundinn.

1. Fyrirspurn kom á borð íþrótta- og æskulýðsnefndar vegna þrektækja eða æfingaskilti sem yrði staðsett utandyra sem myndi stuðla að hreyfingu og heilsueflingu.
    a. Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi fór yfir þau mál hvernig hagstæðast og best væri að útfæra þetta svo þetta yrði komið upp í fyrir eða í sumar.
    b. Hagstæðast væri að setja þrektæki eða bekki með fjölnota tilgang og hugmyndabanka af æfingum.
2. Skoðað hefur veirð æfingatæki frá fyrirtækinu KRUMMA og búið að senda fyrirspurn varðandi tilboð.
    a. Um er að ræða bekki með fjölnota gildi sem er einnig æfingatæki, og kemur í þremur mismunandi stærðum eða “small”, “medium” og “large”.
    b. Rætt var um notagildi og að einnig væri það fjlþætt þar sem þetta eru einnig bekkir og því hægt að setjast á þá og hvíla sig, ekki einungis gera æfingar.
    c. Æfingabekkirnir hafa svo hugmyndabanka af æfingum sem eru myndrænar og skýrar.
    d. Rætt var staðsetningu á bekkjunum og var nefndin sammála að þetta má ekki vera á óhagstæðum stað, heldur vera við göngustíginn og þar sem fólk er að labba. Hugmynd kom að setja einn við reiðveginn í Ólafsvík við stekkjarann og svo einn á milli Hellissands og Rifs við göngustíginn.
3. Rætt var einnig framtíðarsýn á svæðinu við heilsugæsluna og að setja jafnvel æfingastöð þar og fleirir leiktæki ásamt grillaðstöðu. Það vantar meira á þetta svæði og fyrir barnafjölskyldur og væri flott varðandi framtíðarsýn hvað varðar heilsueflandi samfélag.

Fundi slitið kl.19:40